

WorkMentor verkefnið

Bakgrunnur

WorkMentor verkefnið er það þriðja í röð verkefna sem fjalla um vinnustaðanám út frá samkomulagi þriggja aðila. Litið er á vinnustaðanám sem sameiginlegt verkefni nema, vinnustaðar og skóla.

Fyrsta verkefnið, ProVoTrain (2005–2007), var á vegum ráðuneytis menntamála í Lettlandi. Það fjallaði um að nemar þurfa að skilja hæfnikröfur þegar þeir stunda vinnustaðanám og skila möppu með sönnunargögnum (Portfolio of Evidence).

Annað verkefnið var POÉTE, Portfolio of Evidence to Europe (2008 – 2010). Þar var fjallað um að kennarar, starfsfóstrar á vinnustað og matsmenn læri að nýta möppu með sönnunargögnum.

Í WorkMentor verkefninu (2011 - 2013) er unnið með starfsfóstra á vinnustað til að geta betur stutt við nema í vinnustaðanámi.



Aðalmarkmið WorkMentor

Er að undirbúa fólk á vinnustöðum fyrir það að styðja nemendur í vinnustaðanámi. Starfsfóstrar þurfa að taka þátt í umræðu um hvað er nám og hvaða færni er verið að þjálfra.

Haldin eru stutt námskeið með starfsfóstrum af vinnustöðum með það að markmiði að þeir geti gert dvöl nema í vinnustaðanámi betri og árangursríkari. Vonir standa til að hægt verði að nýta aðferðirnar við ýmislegt vinnustaðanám.



Í WorkMentor er unnið að því að:

Yfirfæra IMPLEMENTOR fóstarafræðslu á samband leiðbeinanda á vinnustað og nema svo hægt sé að styðja nemann betur.

Útbúa nýstárlegt og sveigjanlegt þjálfunarnámskeið fyrir starfsfóstra sem hægt er að nýta við ýmsar aðstæður á vinnustöðum.

Meta árangur af yfirfærslunni og breiða út niðurstöður og aðferðir til allra sem gætu haft áhuga á starfsfóstrun.

Afurðir WorkMentor verkefnisins:

Greining á stöðu og þörfum þeirra sem leiðbeina nemum í vinnustaðanámi.

Sveigjanlegt námskeið fyrir starfsfóstra.

Námskeið fyrir fólk frá fimm löndum í að þjálfra starfsfóstra.

Prufukeyrsla á námskeiði fyrir starfsfóstra.

Sveigjanleg gögn og leiðbeiningar fyrir starfsfóstra á vefnum.

